

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Stykkishólmsbæ.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 27. mars 2017 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar vestan Aðalgötu í Stykkishólmi:

Miðbær, breyting á deiliskipulagi vestan Aðalgötu.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að skapa svigrúm til uppbyggingar í miðbæ Stykkishólms sem styrkt gæti bæjarmyndina enn frekar. Einnig eru lóðamörk og stærðir lóða leiðrétt samkvæmt uppmælingum sem hafa farið fram. Í gildandi deiliskipulagi er gerður fyrirvari um lóðamörk vegna þess að þegar það var unnið þá voru nákvæmar upplýsingar um stærðir lóða ekki til. Breytt lóðamörk hafa sums staðar áhrif á byggingarreiti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 26. apríl 2017.

Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.